



Húsnæðissáttmáli - aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum

Greining og áætlanir

1. Vandinn kortlagður og upplýsingar settar fram á skiljanlegan hátt

Ábyrgð: Íbúðalánasjóður, SSH

Markmið: Að fyrir liggi greining á þörf á íbúðarhúsnæði til 2022

Staða: Tilbúið 1. maí

2. Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga samræmdar

Ábyrgð: Íbúðalánasjóður, SSH

Markmið: Fyrir liggi á hverjum tíma áætlun um uppbyggingu húsnæðis sem mætir
fólksfjölgun

Staða: ÍLS hefur fengið þetta hlutverk

Tímasetning: 2017

Breyting laga, reglna og ferla

3. Hvatar til langtímaleigu og almennrar notkunar íbúðarhúsnæðis.

Ábyrgð: SSH, VEL, FJR,

Markmið: Sveitarfélög stuðli að því að íbúðir fari í langtímaleigu eða í almenna notkun, m.a. með innheimtu tómhúsagjalds. Skattalegir hvatar verði aðlagðir að því markmiði.

Tímasetning: Haust 2017

4. Aukinn sveigjanleiki í útleigu á hluta húsnæðis.

Ábyrgð: SSH

Markmið: Fólk í stórum húsum geti án verulegrar skriffinnsku eða kostnaðar breytt notkun húsa sinna og leigt frá sér íbúðir. Skoða áhrif skerðinga og skattalegra hvata sérstaklega og kostnaðarmeta.

Tímasetning: Sumar 2017

5. Einföldun á regluverki byggingarmála

Ábyrgð: UAR

Samráð: Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök iðnaðarins, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, VEL og aðrir hagsmunaaðilar

Markmið: Unnar verði tillögur um breytingar á lögum um mannvirki og tiltekna breytingar á byggingarreglugerð sem miða að lækkun byggingarkostnaðar og einfaldari og skilvirkari stjórnarsýslu. Gæta þarf þess að reglugerðin stuðli að markmiðum Íslands í loftslagsmálum.

Tímasetning: Sumar og haust 2017

6. Einföldun á regluverki og framkvæmd skipulagsmála

Ábyrgð: UAR í samráði við hagsmunaaðila og SSH og RVK

Markmið: Einföldun á regluverki og framkvæmd skipulagsmála með það að markmiði að lækka byggingarkostnað.

Tímasetning: Veturinn 2017-2018

7. Fræðsla til leigusala og leigjenda

Ábyrgð: VEL, FJR

Markmið: Aukið gagnsæi í markaðsupplýsingum á leigumarkaði og augin þekking á réttindum og skyldum leigusala og leigjenda leiði til þess að fleiri íbúðir skili sér í langtímaleigu.

Aðgerð: Verkefnastjóri gerir tillögur að árverkisátaki og söfnun markaðsupplýsinga.

Tímasetning: Haust 2017

8. Gjaldtaka innviða/samfélagsgjalds verði skoðuð og metin

Ábyrgð: SSH, VEL, (FJR), SAM

Markmið: Hvati verði til þess að byggja smærri íbúðir

Tímasetning: Haust 2017

Hagkvæmar íbúðir á ríkislóðum

9. Ríkislóðum komið í byggð.

Ábyrgð: FJR, VEL, SSH

Markmið: Lóðir ríkisins í höfuðborgarsvæðinu verði skipulagðar fyrir íbúðabyggð í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Alls verði um 2000 íbúðir að ræða á þessum reitum, með áherslu á litlar og hagkvæmar íbúðir.

Tímasetning: Sumar/haust 2017

Aðgerðir til að mæta fjármögnun einstaklinga

10. Fyrstu skref á húsnæðismarkaði

Ábyrgð: VEL, ÍLS

Markmið: Fjölbreyttari úrræði fyrir fólk sem er að stíga fyrstu skrefin á fasteignamarkaði. Skoðað verði sérstaklega úrræði fyrir lægri tekjuhópa sem ekki ráða við eiginfjárhlutfall fasteignakaupa.

Staða: Til skoðunar hjá ÍLS og þjóðhagfræðileg könnun í gangi hjá Analytica.

11. Hækkun frítekjumarks húsnæðisbóta og hækkun bótanna

Ábyrgð: VEL, ÍLS

Markmið: Frítekjumark húsnæðisbóta hækkað, bætur hækka.

Staða: Lokið

Tímasetning: Apríl 2017

12. Sérstakar aðgerðir vegna fatlaðs fólks

Ábyrgð: VEL, ÍLS, SSH (SÍS, Jöfnunarsjóður)

Markmið: Flýta fyrir og fjölga sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk með því að leita allra leiða til að ná niður kostnaði við byggingu slíkra úrræða og leysa fjármögnun. Auka möguleika fatlaðs fólks á því að lifa sjálfstæðu lífi, skv. framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks.

Staða: Vinna í gangi með sveitarfélögunum og í VEL.

Tímasetning: Sumar 2017

Félagslegar aðgerðir

13. Fjármögnun á auknum fjölda námsmannaíbúða

Ábyrgð: ÍLS

Markmið: Flýta fyrir uppbyggingu á námsmannaíbúðum HR, BN og FS. Alls 896 íbúðir, lánsfjármagn frá ÍLS 15,2 ma.

Staða: Vinna í gangi með ÍLS, RVK og námsmannahreyfingum.

Tímasetning: Sumar/haust 2017

14. Aukið fjármagn verður lagt í almenna íbúðakerfið

Ábyrgð: VEL, FJR, ÍLS

Markmið: Uppbygging almenna íbúðakerfisins heldur áfram með 1,5 milljarða aukningu fjármagns í kerfinu fram til ársins 2020.

Staða: Skv. ríkisfjármálaáætlun

Tímasetning: 2020